


## 1.4 Velferðarsvið



Myndir hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2026 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða með bundnum liðum var 12.274 m.kr.** eða 521 m.kr. umfram fjárheimildir eða sem nam 4,4%. Fjárhagsaðstoð var 746 m.kr. eða 11 m.kr. innan fjárheimilda. Sérstakur húsnæðisstuðningur var 378 m.kr. eða 71 m.kr. innan fjárheimilda. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðslufjárhæð vegna þjónustu á grundvelli 15. gr. laga nr. 40/1991 getur numið 300 m.kr. á tímabilinu en miðað er við um 670 einstaklinga á mánuði.

**Rekstrarniðurstaða án bundinna liða var 11.149 m.kr.** eða 603 m.kr. umfram fjárheimildir, eða um 5,7%.

Frávik skýrist helst af vistunargjöldum vegna einstaklinga með fjölþættan vanda, sem voru 282 m.kr. umfram fjárheimildir. Í upphafi árs færðust þessir einstaklingar frá Barnavernd Reykjavíkur yfir í málaflokk fatlaðs fólks, með tilheyrandi tilfærslu kostnaðar milli málaflokka. Þá var búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk 202 m.kr. umfram fjárheimildir og stuðnings-

og stoðþjónusta 64 m.kr. umfram fjárheimildir, sem endurspeglar aukna þjónustubörf og umfang þjónustunnar.

**Tekjur** voru 2.074 m.kr. eða 354 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik skýrist helst af framlagi frá ríkinu upp á 241 m.kr. vegna vistunar barna með fjölþættan vanda utan heimilis.

**Laun og launatengd gjöld** voru 8.026 m.kr. eða 232 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist helst af búsetuþjónustu sem var 222 m.kr. umfram fjárheimildir.

Velferðarsvið greiddi fyrir 2.255 stöðugildi að meðaltali á mánuði á tímabilinu. Yfirvinnustundir voru 21.369 tímar að meðaltali á mánuði, sem samsvarar um 137 stöðugildi.

Meðalveikindahlutfall var 7,7%, sem samsvarar um 174 stöðugildum, og hefur hlutfallið lækkað um 0,7 prósentustig frá fyrra ári. Langtímaveikindi voru 2,1%, sem samsvarar um 47 stöðugildum á mánuði.

**Annar rekstrarkostnaður** var 5.197 m.kr. eða 725 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist að stærstum hluta af vistunargjöldum vegna einstaklinga með fjölþættan vanda, sem voru 563 m.kr. eða 282 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar vega þungt einstaklingar sem færðust í upphafi árs frá Barnavernd Reykjavíkur yfir í málaflokk fatlaðs fólks, með tilheyrandi tilfærslu kostnaðar milli málaflokka. Þá skýrist kostnaður einnig af umfangsmikilli þjónustu við börn með fjölþættan vanda, þar sem kostnaður á tímabilinu nam um 627 m.kr. Framlag frá mennta- og barnamálaráðuneytinu fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins er áætlað um 241 m.kr., en samkvæmt gildandi fyrirkomulagi ber ríkið ábyrgð á fjármögnun búsetu þessa hóps.

## Þjónustubættir velferðarsviðs

Þjónustubættir VEL (m.kr.)	Raun 2026	Esk áætlun 2026	Mism. á raun og esk áætlun	%	Raun 2025	Mism. milli ára	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	1.811	1.748	64	3,6%	1.792	19	1,1%
Samningar, framlög og styrkir	1.238	1.140	97	8,6%	1.077	160	14,9%
Vistunargjöld einstaklinga með fjölþættan vanda	563	280	282	100,7%	372	191	51,3%
Búsetuþjónusta	3.798	3.618	179	5,0%	3.542	256	7,2%
Félagsmiðstöðvar	182	181	1	0,3%	181	1	0,4%
Dagþjónusta	277	226	51	22,4%	203	74	36,5%
Heimahjúkrun	-71	-71	0	0,0%	-29	0	0,0%
Heimastuðningur	643	653	-10	-1,5%	616	27	4,4%
Hjúkrunarheimili	30	49	-19	-39,3%	58	-28	-48,6%
Þjónustubúðir	437	433	5	1,0%	387	50	12,9%
Hælsleitendur og flóttamannaverkefni	0	0	0	-	-1	1	-
Vistgreiðslur Barnaverndar Reykjavíkur	328	310	18	5,9%	413	-85	-20,5%
Vistgreiðslur Barnaverndar Reykjavíkur endurgreiðsla frá Ríkissjóði	58	115	-57	-49,5%	371	-313	-84,4%
Stuðnings- og stoðþjónusta	955	891	64	7,2%	877	78	8,9%
NPA	591	634	-42	-6,7%	558	33	6,0%
Ýmis úrræði	153	116	37	31,6%	117	36	30,3%
Önnur gjöld	158	225	-67	-29,6%	147	12	0,0%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>11.149</b>	<b>10.546</b>	<b>603</b>	<b>5,7%</b>	<b>10.679</b>	<b>512</b>	<b>4,8%</b>

Þjónustubættir VEL (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2026	Frávik	Laun og launatengd gj.	Áætlun 2026	Frávik	Annar rekstrark.	Áætlun 2026	Frávik	Rekstrarniðurstaða	Áætlun 2026	Frávik	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	23	4	19	1.394	1.414	-20	440	337	103	1.811	1.748	64	3,6%
Samningar, framlög og styrkir	29	39	-11	0	0	0	1.266	1.179	87	1.238	1.140	97	8,6%
Vistunargjöld einstaklinga með fjölþættan vanda	0	0	0	0	0	0	563	280	282	563	280	282	100,7%
Búsetuþjónusta	91	60	31	3.435	3.213	222	453	465	-11	3.798	3.618	179	5,0%
Félagsmiðstöðvar	28	30	-1	89	86	3	121	125	-4	182	181	1	0,3%
Dagþjónusta	66	63	3	244	220	24	99	70	29	277	226	51	22,4%
Heimahjúkrun	830	794	36	570	587	-17	189	136	53	-71	-71	0	0,0%
Heimastuðningur	16	18	-2	592	601	-9	67	69	-2	643	653	-10	-1,5%
Hjúkrunarheimili	499	474	25	406	396	10	122	126	-4	30	49	-19	-39,3%
Þjónustubúðir	50	49	1	387	387	0	100	94	6	437	433	5	1,0%
Hælsleitendur og flóttamannaverkefni	100	79	21	80	75	5	20	4	16	0	0	0	-
Vistgreiðslur Barnaverndar Reykjavíkur	0	0	0	0	0	0	328	310	18	328	310	18	5,9%
Vistgreiðslur Barnaverndar Reykjavíkur endurgreiðsla frá Ríkissjóði	241	0	241	0	0	0	299	115	184	58	115	-57	-49,5%
Stuðnings- og stoðþjónusta	0	0	0	622	612	10	333	278	54	955	891	64	7,2%
NPA	4	0	4	0	0	0	595	634	-39	591	634	-42	-6,7%
Ýmis úrræði	98	110	-12	115	122	-7	135	104	31	153	116	37	31,6%
Önnur gjöld	1	1	0	91	80	12	67	146	-78	158	225	-67	-29,6%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>2.074</b>	<b>1.720</b>	<b>354</b>	<b>8.026</b>	<b>7.794</b>	<b>232</b>	<b>5.197</b>	<b>4.473</b>	<b>725</b>	<b>11.149</b>	<b>10.546</b>	<b>603</b>	<b>5,7%</b>

## Helstu frávik

**Vistunargjöld** vegna einstaklinga með fjölþættan vanda voru um 563 m.kr. eða 282 m.kr. umfram fjárheimildir.

Frávik skýrist helst af kostnaði vegna einstaklinga með fjölþættan vanda. Um er að ræða einstaklinga sem áður voru vistaðir í einkaúrræði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur og hafa nú færst yfir í málaflokk fatlaðs fólks við 18 ára aldur.

Í upphafi árs 2026 urðu fimm einstaklingar lögráða og færðust frá Barnavernd Reykjavíkur yfir í málaflokk fatlaðs fólks, með tilheyrandi tilfærslu kostnaðar milli málaflokka. Kostnaður vegna þeirra nam um 212 m.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins.

Um er að ræða einstaklinga með umfangsmiklar og flóknar þjónustuþarfir sem krefjast sérhæfðra og kostnaðarsamra úrræða.

**Búsetuþjónusta** fyrir fatlað fólk, heimilislaua og einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir var um 3.798 m.kr. eða 179 m.kr. umfram fjárheimildir.

Laun og launatengd gjöld voru 3.435 m.kr. eða 222 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist að mestu af yfirvinnu sem rekja má til háls veikindahlutfalls.

Yfirvinnustundir voru 11.319 tímar að meðaltali á mánuði, sem samsvarar um 73 stöðugildum. Meðalveikindahlutfall var 8,2%, sem samsvarar um 79 stöðugildum, og hefur hlutfallið lækkað um 0,2 prósentustig frá fyrra ári. Langtímaveikindi voru 2,2%, sem samsvarar um 21 stöðugildi á mánuði.

Unnið er að frekari greiningu og aðgerðum með það að markmiði að lækka veikindahlutfall, sem hefur bein áhrif á launakostnað og gæti skilað verulegum fjárhagslegum ávinningi í rekstri.

**Dagþjónusta** var um 277 m.kr. eða 51 m.kr. umfram fjárheimildir.

Dagdeildir fyrir aldraða voru um 14 m.kr. eða 5 m.kr. umfram fjárheimildir. Laun og launatengd gjöld voru yfir fjárheimildum sem skýrist af aukinni mönnun og rekstrarkostnaði tengdum daglegri starfsemi deilda. Annar rekstrarkostnaður var einnig yfir áætlun, meðal annars vegna aukinna aðfanga og kostnaðar við þjónustu.

Dagþjónusta í málflokki fatlaðs fólks var um 263 m.kr. eða 46 m.kr. umfram fjárheimildir. Laun og launatengd gjöld voru 203 m.kr. eða um 18 m.kr. umfram fjárheimildir, sem skýrist annars vegar af því að tekjur frá VMST að fjárhæð um 5 m.kr. voru bókaðar á rangt tímabil, þ.e. í apríl, og hins vegar af auknum stuðningsþörfum og mönnun í þjónustu við notendur með flóknari þarfir.

Annar rekstrarkostnaður var 63 m.kr. eða 25 m.kr. umfram fjárheimildir, sem skýrist að stærstum hluta af framkvæmdum vegna flutninga í Skeifuna. Sótt var um framlag á grundvelli e. liðar 2. gr. reglugerðar nr. 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hefur Jöfnunarsjóður samþykkt framlag að fjárhæð 10,9 m.kr., sem berst í apríl.

**Vistgreiðslur Barnaverndar Reykjavíkur** voru um 386 m.kr. eða 39 m.kr. innan fjárheimilda. Frávik skýrist af því að tekjur á móti vistgreiðslum voru hærrí en gert var ráð fyrir á tímabilinu. Áfram er þó verulegur kostnaður vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

Framlag frá mennta- og barnamálaráðuneytinu fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins er áætlað um 241 m.kr., en samkvæmt gildandi fyrirkomulagi ber ríkið ábyrgð á fjármögnun búsetu barna með fjölþættan vanda. Sveitarfélagið ber þó áfram kostnað af ýmissi þjónustu tengdum þessum börnum, svo sem hvíld, frístund og sértækum úrræðum.

Vistanir utan heimilis byggja á lagaskyldu Barnaverndar Reykjavíkur samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og varða börn með alvarlegan og fjölþættan vanda, þar sem hefðbundin úrræði á borð við fósturheimili eru oft ekki nægjanleg.

**Stuðnings- og stoðþjónusta** þar með taldar skammtímadvalir og stuðningsfjölskyldur, voru um 955 m.kr. eða 64 m.kr. umfram fjárheimildir. Laun og launatengd gjöld voru 622 m.kr. eða um 10 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávikið skýrist af auknum stuðningsþörfum og mönnun í þjónustu við notendur með flóknari þarfir, sem hefur kallað á aukið umfang starfsfólks.

Annar rekstrarkostnaður var 333 m.kr. eða um 54 m.kr. umfram fjárheimildir og skýrist að stærstum hluta af auknum kostnaði vegna skammtímadvala og stuðningsfjölskyldna, auk annarrar aðkeyptrar þjónustu, þar á meðal sérhæfðrar stoðþjónustu og viðbótarúrræða sem nýtt eru þegar eigin úrræði duga ekki til.


Þróun milli ára bendir til áframhaldandi kostnaðaraukningar í málaflokknum, sem má rekja til fjölgunar notenda og aukinnar þjónustuþarfar, einkum hjá einstaklingum með flóknari stuðningsþarfir.

**Framleiðslueldhúsið á Vitatorgi** var um 62 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu. Tekjur voru 72 m.kr. eða um 13 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir, sem rekja má til tímabundinnar röskunar í starfsemi og minni framleiðslu í kjölfar lokunar eldhússins.

Laun og launatengd gjöld voru 68 m.kr. eða um 2 m.kr. innan fjárheimilda og er gert ráð fyrir að launakostnaður lækki frekar á árinu vegna uppsagna starfsfólks í lok janúar og tilfærslu þess yfir á aðrar starfsstöðvar innan velferðarsviðs.

Annar rekstrarkostnaður var 129 m.kr. eða um 51 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávikið skýrist fyrst og fremst af ófyrirséðri lokun eldhússins í byrjun febrúar 2026 eftir að bakterían *Listeria monocytogenes* greindist í matvælum í eldhúsinu, og grípa þurfti til neyðarráðstafana til að tryggja áframhaldandi þjónustu. Í kjölfarið var matur keyptur tímabundið af utanaðkomandi aðilum og síðar gerður samningur við Krydd og kavíar ehf. um framleiðslu og afhendingu máltíða, sem hafði í för með sér verulega hækkun á öðrum rekstrarkostnaði.

## Málaflokkur fatlaðs fólks



Málaflokkur fatlaðs fólks(m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	64	28	36	131,9%
Laun og launatengd gj.	-3.766	-3.519	-248	7,0%
Annar rekstrark.	-2.292	-2.049	-243	11,9%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-5.995</b>	<b>-5.540</b>	<b>-455</b>	<b>8,2%</b>

**Rekstrarniðurstaða í málaflokki fatlaðs fólks var 5.995 m.kr.** eða 455 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 8,2%. Frávik skýrist helst af vistunargjöldum vegna einstaklinga með fjölþættan vanda, sem voru 282 m.kr. umfram fjárheimildir. Í upphafi árs færðust fimm einstaklingar frá Barnavernd Reykjavíkur yfir í málaflokk fatlaðs fólks, með tilheyrandi tilfærslu kostnaðar milli málaflokka.

Þá var búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk 202 m.kr. umfram fjárheimildir, sem endurspeglar aukna þjónustuþörf og umfang þjónustunnar.

**Tekjur** voru 64 m.kr. eða um 36 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik skýrist helst af úrskurði á rýmkun frá réttargeðdeild að fjárhæð um 33 m.kr.

**Laun og launatengd gjöld** voru 3.766 m.kr. eða 248 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist helst af húsnæði fyrir fatlað fólk sem var 239 m.kr. umfram fjárheimildir.

Velferðarsvið greiddi fyrir 1.051 stöðugildi að meðaltali á mánuði á tímabilinu. Yfirvinnustundir voru 11.519 tímar að meðaltali á mánuði, sem samsvarar um 74 stöðugildum. Meðalveikindahlutfall var 8,5%, sem samsvarar um 89 stöðugildum, og hefur hlutfallið lækkað um 0,3 prósentustig frá fyrra ári. Langtímaveikindi voru 2,2%, sem samsvarar um 23 stöðugildum á mánuði.

Unnið er að frekari greiningu og aðgerðum með það að markmiði að lækka veikindahlutfall, sem hefur bein áhrif á launakostnað og gæti skilað verulegum fjárhagslegum ávinningi í rekstri.

**Annar rekstrarkostnaður** var 2.292 m.kr. eða 243 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik skýrist að stærstum hluta af vistunargjöldum vegna einstaklinga með fjölþættan vanda, sem voru 563 m.kr. eða 282 m.kr. umfram fjárheimildir.


## 1.4.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	300	269	31	11,7%
Gjöld	-1.424	-1.474	50	-3,5%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-1.124</b>	<b>-1.206</b>	<b>81</b>	<b>-7,0%</b>

Fjárhagsaðst. (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur v. endurgreiðslu 15.gr.	300	269	31	11,7%
Framfærslustyrkur	-767	-752	-14	1,9%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	-142	-140	-2	1,6%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	-133	-126	-7	5,5%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	-5	-7	3	-35,1%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-746</b>	<b>-757</b>	<b>11</b>	<b>-1,4%</b>

Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan-mars 2026	Fjöldi jan-mars 2025	Br. milli ára	%
Framfærslustyrkur	1.531	1.466	65	4,4%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	601	572	29	5,1%
<b>Fjárhagsaðstoð alls</b>	<b>1.823</b>	<b>1.747</b>	<b>76</b>	<b>4,4%</b>

Fjöldi notenda 2025 janúar - mars  
Fjárhagsaðstoð til framfærslu



## Rekstrarniðurstaða í bundnum liðum var 1.124 m.kr.

eða 81 m.kr. innan fjárheimilda, eða 7%. Heildarútgjöld voru 1.424 m.kr. eða 50 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 1.046 m.kr. og vegna sérstaks húsnæðisstuðnings 378 m.kr.

Endurgreiðsla frá ríkinu mun lækka kostnað vegna fjárhagsaðstoðar.

## Rekstrarniðurstaða vegna fjárhagsaðstoðar var 746 m.kr.

eða 11 m.kr. innan fjárheimilda, eða um 1,4%. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 1.046 m.kr., sem var 20 m.kr. yfir fjárheimildum. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Endanleg upphæð endurgreiðslunnar fyrir tímabilið janúar-mars liggur ekki fyrir, en gera má ráð fyrir að hún geti numið allt að 300 m.kr., miðað við um 670 einstaklinga á mánuði.

**Framfærslustyrkur** nam 767 m.kr. sem var 14 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Notendum hefur fjölgað um 65 frá sama tímabili á fyrra ári, eða um 4,4%, og voru 1.531 notandi sem fengu framfærslustyrk á árinu.

Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu, alls 1.823, þar af fengu 1.531 framfærslustyrk og 601 heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar. Línuritið sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði í samanburði við áætlaðan fjölda, auk þess sem sýndur er fjöldi þeirra sem hafa þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur.

**Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar** voru 142 m.kr. eða 2 m.kr. innan fjárheimilda.


**Heimildargreiðslur vegna átaksverkefna** námu 133 m.kr. eða 7 m.kr. innan fjárheimilda, en heimildargreiðslur á grundvelli 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna voru 3 m.kr. innan fjárheimilda.

**Heimildargreiðslur** voru alls 280 m.kr. sem var 7 m.kr. innan fjárheimilda. Þrátt fyrir það hefur fjöldi notenda sem fengu heimildargreiðslur aukist. Alls fengu 601 notandi heimildargreiðslur á árinu, sem er fjölgun um 29 notendur frá fyrra ári.

Sérstakur húsnæðisstuðningur (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisstuðningur	-171	-239	68	-28,5%
Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn.	-207	-210	3	-1,3%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-378</b>	<b>-449</b>	<b>71</b>	<b>-15,8%</b>

Notendur sérstakur húsn. (fjöldi)	Fjöldi jan-mars 2026	Fjöldi jan-mars 2025	Br. milli ára	%
Sérstakur húsnæðisst. alm. markaði	1.708	1.743	-35	-2,0%
Sérstakur húsnæðisst. félagsl. húsn.	1.848	2.006	-158	-7,9%
<b>Sérstakur alls</b>	<b>3.556</b>	<b>3.749</b>	<b>-193</b>	<b>-5,1%</b>

Fjöldi notenda á mánuði með sérstakan húsnæðisstuðning síðustu 12 mánuði



**Rekstrarniðurstaða vegna sérstaks húsnæðisstuðnings var 378 m. kr.** eða 71 m.kr. innan fjárheimilda, eða um 15,8%.

**Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði** var 171 m.kr. eða 68 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum fækkaði um 35 frá sama tímabili á fyrra ári.

Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda notenda sem fá sérstakan húsnæðisstuðning á tímabilinu, sem voru 1.708 á almennum markaði og 1.848 í félagslegu húsnæði. Línuritið sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði í samanburði við fyrra ár.

**Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði** var 207 m.kr. eða 3 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fækkaði um 158 frá fyrra ári.

Tekju- og eignamörk voru hækkuð um 5,2% í samræmi við lög um húsnæðisbætur og reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og tóku breytingarnar gildi 1. janúar 2026.